



VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Nefndadeild alþingis
Þórshamri v. Templarasund

150 REYKJAVÍK

FRAGAÐA STRAÐI 41 51MP 511 5000
107 REYKJAVÍK ÍSLAND
107 REYKJAVÍK ÍSLAND

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1847

komudagur 215 1996

DVP/sj

Rvk. 02.05.1996

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum 75/1981 um tekju- og eignarskatt með síðari breytingum, um skattlagningu fjármagnstekna 421. mál þingsins.

Frumvarp þetta til laga um skattlagningu fjármagnstekna er samið af nefnd sem Vinnuveitendasamband Íslands átti meðal annarra aðild að. Frumvarpið endurspeglar því í ýmsum greinum málamiðlanir við þau sjónarmið sem VSÍ hefði ýtrúst fram að færa. Undirritaður stóð að þessum málamiðlunum í fullu umboði framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambandsins og sambandið mælir því með samþykkt frumvarpsins í fyrirliggjandi búningi, sem byggir á grundvallarforsendu að allar fjármagnstekjur skuli skattlagðar eins. Það hefur engin áhrif á afstöðu VSÍ til málsins, þótt samstaða um þá málamiðlun, sem í frumvarpinu felst hafi beðið nokkurn hnekki við það að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í nefndinni hafi við lok nefndarstarfsins látið eins og þeir hafi hvergi komið nærri. Fyrir reglu sakir er þó rétt að láta koma fram, að full samstaða var í nefndinni um öll meginatriði og niðurstöður, þótt einstaka fulltrúar hefðu viljað sjá hærri eða lægri skattþósentu og hvað varðar áherslu á einstaka þætti voru eðlilega skiptar skoðanir.

Vinnuveitendasambandið hefði m.a. talið æskilegt að nefndin gæti tekið með ótvíræðum hætti á samhengi fjármagnstekjuskatta og eignarskatta en umboð nefndarinnar náði því miður ekki til þess. VSÍ vill því strax í upphafi draga athygli nefndarinnar að þeirri staðreynd, að enginn þjóð innan OECD skattleggur eignir í sama mæli og Íslendingar. Eignarskattar hafa í raun komið í stað skatts á fjármagnstekjur sem víðast eru skattlagðar og telur VSÍ því óhjákvæmilegt og rökrétt að tekjum af fjármagnsskatti verði varið til lækkunar eignarskatta. Þessi mismunun skattlagningar hefur átt sinn þátt í mikilli skuldsetningu íslenskra fyrirtækja og minna vægis áhættufjár en tíðkast í nálægum löndum.

Markmið frumvarps um fjármagnstekjuskatt er að jafna skattlagningu fjármagnstekna af mismunandi eignarformum, þannig að vaxtatekjur af verðbréfum og bankainnistæðum beri sama skatt og t.d. arður af áhættufé í atvinnurekstri. VSÍ styður þetta markmið og telur raunar að þau rök muni vandfundin sem réttlætt geti einhverja mismunun á skattlagningu til fjármagnstekna eftir því hvort um er að tefla arð af áhættufjármagni í atvinnurekstri, söluhagnað af eignum, útleigu húsnæðis eða vexti af verðbréfum og bankainnistæðum.

Frá sjónarmiði atvinnulífsins er afar mikilvægt, að fjárfestar standi ekki lakar að vígi skattalega við fjárfestingu í atvinnulífi en t.d. við kaup á ríkisskuldabréfum. Afgjald fyrir fjármunina er í öðru tilvikinu vextir en hinu arður og engin rök eru til þess að skattleggja tekjur af þessum eignarformum með

mismunandi hætti. Því fagnar VSÍ þeirri stefnumörkun frumvarpsins, að tekjur af fjármunum sem lagðir eru í atvinnurekstur verði ekki skattlagðir þyngra en hefði þeim verið varið til kaupa á vaxtaberandi verðbréfum. Þetta er algert grundvallaratriði og forsenda fyrir stuðningi VSÍ við málið.

VSÍ telur ótvírætt að ákvæði um 10% skatt á arði, þótt án frítekjumarka sé, muni hvetja til fjárfestinga í fyrirtækjum og greiða mjög fyrir möguleikum nýrra fyrirtækja til að afla áhættufjár til rekstrarins. Ákvæði um að söluhagnaður skuli skattlagður með sama hætti er tvímælalaust af sama toga en felur auk þess í sér skattalega hreingerningu, þar sem samtímis eru afnumdar heimildir til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Hvort tveggja er skynsamlegt miðað við það skatthlutfall sem frumvarpið miðar við og mun án efa leiða til meiri tekna ríkissjóðs af söluhagnaði hlutabréfa á komandi árum, en verið hefur. Þetta kann að koma á óvart, því að söluhagnaður er nú skattlagður með jaðarskatti allt upp í 48%. Skýringin liggur m.a. í heimildum gildandi laga til að miða útreikning söluhagnaðar við nafnverð hlutafjár að viðbætti heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa en þessi ákvæði leiða til þess að hagnaður er óverulegur af sölu hluta í mörgum af stærstu hlutafélögum. Þetta breytist þannig að söluhagnaður telst í framtíðinni einfaldlega mismunur kaup- og söluverðs.

Í þessu sambandi verður að nefna að skv. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins geta eigendur hlutabréfa á gildistökudegi miðað útreikning á söluhagnaði eða -tapi við jöfnunarverðmæti hlutabréfa, þ.e. nafnverð þeirra að viðbætti heimild gildandi laga til útgáfu skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa. Þetta er óhjákvæmileg aðlögun að nýju kerfi, því annars hlytu hluthafar að kalla á útgáfu jöfnunarhlutabréfa s.s. framast er heimilt fyrir gildistöku laganna. Af því leiddi ekkert nema óþarfa röskun og kostnaður og því er tillaga frumvarpsins skynsamleg um þetta efni. Vert er þó að vekja athygli á því, að eigandi bréfs hlýtur jafnan að hafa heimild til að miða við raunverulegt kaupverð ef hann svo kys í stað jöfnunarverðmætis skv. bráðabirgðaákvæði II. Fyrir öryggis sakir væri rétt að taka þetta ótvírætt fram í ákvæðinu sjálfu.

Í ýmsum grannlandanna hafa stjórnvöld viðurkennt áhættuþátt og þjóðhagslegt mikilvægi fjárfestinga í hlutabréfum með því að skattleggja ekki söluhagnað einstaklinga ef bréfin hafa verið í eigu hlutaðeigandi um tiltekinn tíma, t.d. þrjú ár. Þessi regla gengur tvímælalaust lengra í því að hvetja til fjárfestinga í atvinnulífinu en hér er gert. Í ljósi þess að tekjur af hlutafjáreign, þ.e. arður verður skv. frumvarpinu skattlagður eins og aðrar fjármagnstekjur og sökum þess að heimilt verður að töp á fjárfestingu komi til frádráttar tekjum, telur VSÍ þó að tillögurnar sem heild séu verulegt framfaraspor fyrir atvinnulífið og styður því einnig þessi ákvæði. VSÍ vill sérstaklega benda á, að framangreind ákvæði í heild sinni, og þó ekki síst ákvæði sem heimilar frádrátt á töpuðu hlutafé á móti fjármagnstekjum er mikilvægasta framlag opinberra aðila til að greiða fyrir stofnun nýrra fyrirtækja. Þau eiga oftast í miklum erfiðleikum með að fá nauðsynlegt fjármagn til að hrinda hugmynd í veruleika og engir opinberir áhættulanasjóðir koma í stað virkrar þátttöku fjárfesta. Með þessum ákvæðum er þeim tryggt, að ríkisvaldið tekur ekki bara þátt í hagnaðinum ef vel gengur, heldur er einnig unnt að fá hluta af töpuðu hlutafé í slíkum félögum borið uppi af öðrum fjármagnstekjum áður en skattur er á lagður.


Tillögur um skattlagningu vaxtatekna hafa ekki vakið sérstaka hrifningu innan VSÍ, en samtökin hafa þó dregist á að vinna að og styðja þá tillögu um framkvæmd, sem felst í frumvarpinu. VSÍ minnir á að íslenskur fjármagnsmarkaður er lítill og viðkvæmur og því geti vanhugsaðar aðgerðir á sviði skattamála auðveldlega kallað fram fjárflotta í þeim mæli að ógnaði stöðugleika og styrk gjaldmiðilsins. Peningar eru afar hreifanlegir nú á tímum og er því að vonum að meðal OECD-ríkjanna sé nú almennt stefnt að minni skattlagningu á fjármunum og fjármunatekjum. Alþjóðlegur peningamarkaður er opnari en verið hefur nokkru sinni fyrr og mismunandi skattareglur hafa mikil áhrif á það hvaðan fjármunir leita og hvert. Af þeim ástæðum er afar brýnt að halda jaðaráhrifum skattheimtu á fjármagnstekjur sem allra lægstum.

Í frumvarpinu er miðað við að óskattskyldir aðilar á borð við stéttarfélög, samtök atvinnurekenda, sveitarfélög o.fl. greiði skatt af fjármagnstekjum. VSÍ hefur stutt þetta þótt óneitanlega komi það niður á fjárhag samtakanna. Sá stuðningur er algerlega við það bundinn að eitt gildi fyrir alla í þessu efni. Að því er varðar málefni sveitarfélaga og athugasemdir þeirra, þá telur VSÍ augljóst að meta þurfi áhrif frumvarpsins, ef að lögum verður, á fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Það eitt kallar ekki á endurmat á grundvallaratriðum frumvarpsins, því svo fjölbætt eru fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga að vandalaust hlýtur að vera að tryggja sveitarfélögum óbeyttar tekjur. Þau eiga hins vegar ekki að hagnast á kerfisbreytingum á sviði skattheimtu því vonandi er enginn sem ætlar að nýta álagningu samræmnds fjármagnstekjuskatts að skerða enn frekar ráðstöfunartekjur almennings með aukinni skattbirgði.

VSÍ skilur áhyggjur þeirra sem hafa viljað sérstök skattleysismörk gagnvart vaxtatekjum, en skilningurinn dofna þegar því fylgir tillaga um nær 30% jaðarskatt á það sem umfram er og fellur í svonefnt hátektjuþrep. Áhrif þessa á fjármagnsmarkað eru augljós, því í næsta nágreppi bjóðast skattlausir fjárfestingarkostir og fremur er hætt við að þeir sem mikið hafi umleikis flytji fé úr landi en þeir sem lítið hafa og njóta myndu skattleysismarkanna. Íslenskur fjármagnsmarkaður og atvinnulífið þarf á því að halda að eignafólk sjái hagsmunum sínum betur borgið með að ávaxta fjármuni sína hérlandis en erlendis. Ávinningurinn er breiðari skattofn, betri skattskil og umfram allt öflugra atvinnulíf og minna atvinnuleysi. Frumvarp þriggja formanna stjórnarandstöðuflokka horfir til gagnstæðrar áttar og leggur höfuðáherslu á að skipta sem jafnast og það eins þótt það minnki sýnilega það sem til skipta kemur. VSÍ er andvígt þeim sjónarmiðum og telur þvert á móti þörf á að ýta undir hagvöxt og verðmætasköpun, og leggja á þann veg grundvöll að bættum kjörum alls almennings.

Með framangreindum athugasemdum og sérstakri skirskotun til óhjákvæmilegrar endurskoðunar á eignarsköttum í kjölfar samræmdrar skattlagningar allra eignatekna styður VSÍ frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri.